

51
27. júní

LÖG

um

sjerleyfi til þess að reka útvarp (broadcasting) á Íslandi.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að veita sjerleyfi til þess að reka útvarp á Íslandi um næstu 5—7 ára skeið frá því útvarpsstöð tekur til starfa, gegn þeim skilyrðum og með þeim hlunnindum, er nú skal greina:

1. Að stofnað verði fjelag til að reka útvarpið, sem hafi ekki minna en 100000 króna stofnfje, og sje að minsta kosti helmingur þess fjár boðinn út innanlands í 6 mánuði.
2. Að útvarpsstöðin verði í Reykjavík eða í námunda við hana, og að afl stöðvarinnar verði alt al 1,5 kw. í loftnetið, enda dragi stöðin um land alt. Þyki hentugra að hafa fleiri stöðvar en eina, má þó víkja frá þessu ákvæði.
3. Að ríkisstjórnin gefi út reglugjörð um rekstur útvarpsins. Má þar ákveða sektir fyrir brot gegn rjettindum sjerleyfishafa.
4. Að ríkið eigi að sjerleyfistímanum liðnum kauprjett á stöðinni eða stöðvunum fyrir matsverð.
5. Að byrjað sje á útvarpinu áður en 16 mánuðir eru liðnir frá staðfesting laga þessara.
6. Að sjerleyfishafi hlíti þeim skilyrðum öðrum, er ríkisstjórnin telur rjett að setja, þar á meðal um viðurlög.

Ríkisstjórninni heimilast að ákveða í leyfisbrjefinu:

- a. Að hver sá, er móttökutæki hefir, sje skyldur til að greiða stofngjald til stöðvarinnar, er tækin eru sett niður, og síðan árlegt gjald fyrir notkun þeirra, hvorttveggja eftir gjaldskrá, sem ráðuneytið samþykkir. Undanskilin þessu sjeu þó viðtökutæki, sem fylgja heilum loftskeytastöðvum, og eins þau viðtökutæki, sem ríkisstjórnin þarf til notkunar á stöðvum sínum.
- b. Að leyfishafa sje heimilt að leggja þá síma, sem nauðsynlegir þykja, frá

opinberum stöðum til útvarpsstöðvar (svo sem í Reykjavík frá alþingis-
húsinu, dómkirkjunni, leikhúsi o. s. frv.).

51
27. júní

c. Að útvarpsfyrirtækið verði undanþegið greiðslu opinberra skatta og gjalda.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Marselisborg, 27. júní 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

LÖG

um

verslunaratvinnu.

52

27. júní

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Verslun í lögum þessum tekur bæði til stórsölu (heildsölu), smásölu, sveitaverslunar, umboðsverslunar (commission), lausaverslunar og tilboðasöfnunar um vörusölu og vörukaup (agentur).

Undanskilin lögum þessum eru þó:

1. Lyfjaverslun, að því leyti sem lyfsalar hafa einkasölu á lyfum.
2. Sala á búsafurðum eða fiskifangi, sem maður hefir aflað sjálfur eða skuldaðið hans, og sala á öðrum slíkum innlendum afla eða framleiðslu.
3. Sala á handavinnu manns sjálfs, konu hans og barna, sem hjá honum eru, hjúa hans, nemenda eða sveina.
4. Vöruútvegum manna í fjelagi til eigin þarfa, enda sje varan að eins af hendi látin samkvæmt beiðni fyrirfram.
5. Sala á innlendri mjólk, rjóma, skyri, eggjum, brauði og kökum.